

Öll brot geta verið frumbrot vegna peningaþvættis

Öll refsiverð brot samkvæmt íslenskum lögum geta verið svokölluð frumbrot vegna peningaþvættis. Frumbrotið felst í því að fremja brot sem getur leitt af sér ólöglegan ávinning eða annan ágóða og hann er síðan reynt að þvætta. Frumbrot vegna peningaþvættis geta verið öll brot á almennum hegningarlögum no. 19/1940 en líka refsiverð brot á öðrum lögum þar sem hinn brotlegi hagnast eða nýtur ávinnings með einhverjum hætti.

Má sem dæmi nefna að fjárvík og fjárdráttur eru frumbrot í tengslum við peningaþvætti en einnig fíkniefnabrot eða spillingarbrot þar sem viðkomandi hefur t.d. hagnast vegna þess að hann þáði mítur. Þetta á líka við um svokölluð erlend mítubrot, sem varða mítur til erlendra opinberra starfsmanna. Skattalagabrot þar sem viðkomandi hagnast vegna undanskota eða skattsvika af öðru tagi teljast líka til frumbrota vegna peningaþvættis.

Ákvæði um peningaþvætti og refsingar

Hver sá sem felur uppruna ólöglegs ávinnings, notar hann til fjárfestingar í fyrirtækjarekstri og fasteignum eða nýtir sér hann með öðrum hætti hefur gerst sekur um peningaþvætti sem er sjálfstætt refsivert brot. Það sama á við ef viðkomandi tekur við peningum eða verðmætum sem hann veit eða má vita að hefur verið aflað með ólöglegum hætti. Peningaþvætti er leið til að njóta ávaxtanna af glæpum hvort sem ágóðinn fer til einkaneyslu, er færður yfir í löglega starfsemi eða nýttur til frekari brota, svo sem að kaupa fíkniefni til að hagnast enn meira.

Í 264. grein almennra hegningarlaga er fjallað um peningaþvætti en fyrsta málsgrein ákvæðisins hljóðar svo: „Hver sem tekur við, nýtir eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti á lögum þessum eða af refsiverðu broti á öðrum lögum, eða meðal annars umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu eða ráðstöfun ávinnings skal sæta fangelsi allt að 6 árum.“

Í 2. mgr. 264. gr. er svokallað „sjálfþvætti“ gert refsivert, en þar segir að sá sem framið hefur frumbrot og fremur jafnframt brot samkvæmt fyrstu málsgreininni skuli sæta sömu refsingu og þar greinir eða allt að sex ára fangelsi.

Refsing getur orðið fangelsi allt að 12 árum ef áviningurinn af brotinu er vegna umfangsmikillar dreifingar og sölu á fíkniefnum samkvæmt 173. grein a í almennum hegningarlögum þar sem vísað er til sérlaga á borð við lög um ávana- og fíkniefni. Ef peningaþvættisbrot er framið af gáleysi varðar það sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Frumbrotið og peningaþvættið – niðurstaða um sakfellingu

Það er því hægt að sakfella bæði fyrir frumbrotið og peningaþvættið en dómstólar geta líka komist að mismunandi niðurstöðu um hvort brotið fyrir sig. Sá sem gerist sekur um peningaþvætti þarf ekki að hafa átt þátt í frumbrotinu og er þá ekki ákærður fyrir það. Dæmi eru einnig um að hinn ákærði hafi verið sýknaður af ákæru um frumbrotið en sakfelldur fyrir peningaþvætti. Dómara þykir þá ljóst að ágóðinn eða áviningurinn sem var þvættaður hafi verið illa fenginn þó ákærvaldinu hafi ekki tekist að sanna nákvæmlega hvers eðlis frumbrotið var. Að sama skapi er mögulegt að sakfella fyrir frumbrotið en sýkna af ákæruliðnum sem snýr að sjálfu peningaþvættinu.